



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**47. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 8. apríl 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Svana Helen Björnsdóttir, Valdimar Víðisson, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Framhald umræðu frá 46. fundi um forverkefni varðandi uppbyggingu "WtE" sorporkustöðvar en þá var stjórn Sorpu bs. falið að vinna áfram að fullmótun tillagna um áframhald verkefnisins í samráði við stýrihóp þess, en að þeirri vinnu lokinni yrðu þær kynntar eigendum og Stefnumráði byggðasamlaganna. Fyrirliggjandi er nú skýrsla um samanburð tveggja kosta um uppbyggingu hátækni-brennslu á Íslandi. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. gerir grein fyrir niðurstöðum skýrslunnar, stöðu málsins og næstu skrefum. Umræður.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Endanlegar tillögur um mögulega stofnun undirbúningsfélags til að vinna að uppbyggingu hátækni-brennslu á Íslandi munu liggja fyrir í maí en málið verði kynnt kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu á örfundi 19. apríl nk.

2. Eigendasamkomulag vegna Álfsness - 2308006

Umfjöllun um aðgerðaáætlun viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi og þær ráðstafanir sem kveðið er á um þar og eftirfylgni þeirra. Meðal annars er í viðaukanum kveðið á um frágang og framtíðarnýtingu svæðis urðunarstaðar í Álfsnesi en mikilvægt er að gengið verði frá svæðinu á fullnægjandi hátt. Ljóst er að Reykjavík, sem er eigandi landsins, hefur áhuga á aðkomu að málinu og stendur til að Reykjavík og Mosfellsbær vinni saman að áframhaldi þessa verkefnis en Sorpa bs. mun fjármagna verkefnið samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun. Gunnar Dofri Ólafsson kynnir.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptapróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Umræður

3. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Framhald umræðu frá 46. fundi en nú liggur fyrir að ekki verður að svo stöddu ráðist í endurskoðun tekjuskattslaga vegna athugasemda ESA varðandi tekjuskattsundánþágu byggðasamlaganna. Liggur því fyrir að vinna þarf að tilfærslu efnahagslegrar starfsemi Sorpu bs. í félag eða félög með takmarkaðri ábyrgð eiganda, með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaaákvörðun ESA. Frekari greining og vinnsla málsins stendur nú yfir hjá stjórn Sorpu bs. og lögmonnum hennar.

Gestir

Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptapróunarstjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Stjórn Sorpu vinnur áfram að málinu og formar tillögur um framtíðarrekstrarform Sorpu bs. og einstakra verkefna þess til að leggja fyrir ESA. Áður verður farið yfir málið gagnvart stefnuráði og tillögur stjórnar Sorpu teknar til afgreiðslu þar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026